

Náttúrustofa Vestfjarða

**Fuglaathuganir  
í Kollafirði, Skálmarfirði, Vattarfirði  
og á Klettshálsi.**

Unnið fyrir Vegagerðina  
vegna endurbyggingar vegar

Þorleifur Eiríksson  
dýrafræðingur

2001

Efnisyfirlit:	Bls.
Útdráttur .....	3
Inngangur.....	4
Aðferðir .....	4
Svæðayfirlit .....	5
Fuglategundir sem sáust við athuganir .....	6
Athuganir á einstökum svæðum .....	7
Svæði 1: Kollafjörður .....	7
<u>Svæði 1 a. Múlaársandar.</u> .....	7
<u>Svæði 1 b. Kollafjörður austanverður.</u> .....	8
Lýsing fjörunnar .....	9
<u>Svæði 1 c. Kollafjarðarbotn.</u> .....	11
Svæði 2. Klettsháls. ....	11
Svæði 3. Skálmarfjörður.....	13
<u>Svæði 3 a. Austurhlíð Skálmarfjarðar.</u> .....	13
<u>Svæði 3 b. Fjörusvæði.</u> .....	14
Svæði 4. Vattarfjörður .....	16
Frá Vattarnesi í Vattarfjarðarbotn.....	16
<u>Svæði 4 a. Vattarnes.</u> .....	16
Svæði 4 b. Fjörusvæðið frá Vattarnesi í Vaðalnes .....	16
<u>Svæði 4 c. Botn Vattarfjarðar.</u> .....	17
Niðurstöður.....	18
Þakkarorð.....	20
Heimildir.....	20
Viðhengi 1.Þekktir varpfuglar á svæðinu frá Múla í Kollafirði í Vattarfjörð. ....	21
Viðhengi 2. Fjörustöðvar í Skálmarfirði.....	22
Viðhengi 3. Yfirlitskort .....	23

## Útdráttur.

Vegna endurbyggingar vegar nr. 60 frá Múla í Kollafirði í Vattarnes það Vegagerðin Náttúrustofu Vestfjarða um að gera fuglaathuganir á svæðinu og skoða fjörur.

Við athuganir var svæðinu skipt í þrennt með tilliti til fuglalífs, þ.e. Kollafjörð, Klettsháls og Skálmarfjörð. Hverjum svæðishluta var síðan skipt í einsleit athugunarsvæði.

Leiðin liggur um fjölbreytt svæði og endurspeglast það í fuglalífi þó tegundir séu ekki ýkja margar. Fjölbreyttin byggist á því að hversu búsvæðin eru mörg.

Við athuganir sáust 16 tegundir í Kollafirði, 10 á Klettshálsi og 15 í Skálmarfirði, sem er það sem búast mátti við út frá öðrum upplýsingum um fuglalíf svæðisins.

Fuglalíf í Kollafirði og Skálmarfirði er mjög áþekkt. Annars vegar er um að ræða fugla tengda mólendi og kjarri og hins vegar fugla er tengjast fjörum. Fjölbreyttin er fyrst og fremst tengd fjörum og leirum og það eru bæði varpfuglar á svæðinu sem nýta fjörurnar og fuglar sem hafa þar vetursetu, undirbúa farflug og ein tegund umferðarfugla sást.

Á Klettshálsi er fuglalíf fjölbreytt vegna þess að þar eru mörg búsvæði.

Leið Vegagerðarinnar (Vg) verður að teljast mjög góð með tilliti til fuglalífs. Umhverfisáhrif annarra leiða á þurrlendi eru í flestum tilfellum meiri en tillaga Vegagerðarinnar, þó að oft sé munurinn svo lítill að umhverfisáhrif myndu ekki skipta sköpum ef aðrar ástæður væru mikilvægar.

Tiltölulega góðar upplýsingar voru til um fjörur á þessu svæði (Agnar Ingólfsson 1976), en auka þurfti sýnatöku í Skálmarfirði.

Út frá fjörum er framlögð leið (Vg) mjög góð þar sem vegurinn skerðir fjörur mjög lítið og þar sem skerðing verður er það meiri skerðing á þegar sködduðum stöðum, nema í einni smávík í Skálmarfirði og þar er verið að taka tillit til nálægðar við hús. Aðrar mögulegar leiðir hafa mismikil áhrif á fjöruna og lífríki hennar.

Í tengslum við þessa rannsókn var austurströnd og botn Vattarfjarðar kannaður og það kom í ljós að fjörunytjar fugla í Vattarfirði tengjast nytjum fugla af leirum Skálmarfjarðar.

Í heildina séð er framlögð leið Vegagerðarinnar (Vg) mjög góð, miðað við fuglalíf og fjörusvæði og engin framlögð leið betri út frá nefndum umhverfissjónarmiðum.

## **Inngangur.**

Vegna endurbyggingar vegar nr. 60 frá Múla í Kollafirði í Vattarfjarðarbotn bað Vegagerðin Náttúrustofu Vestfjarða um að gera fuglaathuganir á svæðinu og skoða fjörur.

## **Aðferðir.**

Athuganir á varpfuglum voru gerðar í júní 1999, en auk þess voru farnar tvær ferðir til að skoða fuglalíf í fjörum á þessu svæði á ágúst og september 1999.

Fyrirhuguð veglína var gengin og þeir fuglar sem sáust skráðir og atferli þeirra skoðað til að ákvarða hvort um varpfugla var að ræða.

Þeir fuglar sem sáust voru skráðir ásamt upplýsingum um hvar þeir sáust, ef sama svæði var skoðað oftari en einu sinni var notuð sú athugun þar sem flestir fuglar sáust

Ekki var reynt að meta þéttleika fugla þar sem það er mjög tímafrekt og ekki talið mikilvægt þegar um algenga fugla var að ræða. Fjöldi einstaklinga gefur þó góða vísbendingu um hlutfallslegan fjölda og þannig hvaða tegundir nýta sér svæðið mest.

Þetta á sérstaklega við um spörfugla og rjúpu. Einstaklingar spörfugla og rjúpu eru því verulega vantaldir en tölur gefa eins og áður hugmynd um hvaða tegundir nýta sé svæðið helst.

Áhersla var lögð á að skoða öll búsvæði þannig að sjaldgæfari tegundir sæjust og reynt að ákveða hvort tegundir sem sáust sjaldan yrpu á svæðinu.

Svæðinu var skipt niður í aðalsvæði og síðan í mynni svæði og fuglar síðan skoðaðir á hverju svæði fyrir sig.

Hverju svæði var svo skipt í smásvæði til að halda yfirliti yfir athuganir og koma í veg fyrir að fuglar væru tvítaldir ef þeir færðu sig milli svæða. Þetta var sérstaklega mikilvægt þar sem mörg svæði tengdust fjörum og því nauðsynlegt að færa sig milli svæða eftir því hvernig stóð á fjöru.

Fjörur voru skoðaðar á fjöru í stórum straumi, en þar sem fjörur hafa verið skoðaðar og kortlagðar víða á þessu svæði (Agnar Ingólfsson 1976), var ekki ástæða til að gera nákvæma heildarskoðun á svæðinu né framkvæma umfangsmikla sýnatöku. Sýnataka var þá minnst í Skálmarfirði og upplýsingar um mismunandi svæði ekki sambærileg, því voru tekin sýni á þremur stöðum í Skálmarfirði.

## Svæðayfirlit.

Aðalsvæðin eru:

### 1. Kollafjörður

1 a. Múlársandar við Múlaá

1 b. Austanverður Kollafjörður

Þangfjörur. Heildaryfirbragð svæðisins mun skaðast við vegagerð en framleiðni svæðisins skaðast minna. Fuglalíf er ekki mikið í fjörunni og utar í firðinum og víðar eru mjög svipaðar fjörur.

1 c. Kollafjarðarbotn

Mjög litlar breytingar verða á veglínunni í Kollafjarðarbotni og áhrif á fuglalíf því hverfandi.

### 2. Klettsháls

Lóur eru mest áberandi á svæðinu. Einnig sáust snjótittlingar og steindeplar austan megin. Í mýrardrögum vestan megin voru sendlingar. Vegarlagning hefur væntanlega lítil varanleg áhrif efst á hálsinum, en vestan til er mikilvægt að vatnsrennsli um mýrardrög haldist.

### 3. Skálmarfjörður

3 a. Brekkur í austanverðum Skálmarfirði.

Birkikjarr, þar sem verpa skógarprestir, þúfutittlingar og rjúpa. Áhrif vegalagningar mest tímabundin.

Við Illugastaði eru móar og tún. Áhrif vegar yrðu lítil en ekki er ráðgert að fara þessa leið.

3 b. Fjörusvæði

Fjörur og leirur eru víðáttumiklar og mikilvægar fyrir fuglalíf, bæði vaðfugla og æðarfugl þar sem þarna er mikið af krækling. Þar sem sjór rennur hægt af leirunum vegna hafts sem er fremst yrði að gera mjög langa brú til að aðgengi fugla að leirunum breyttist ekki verulega. Ekki er gert ráð fyrir að fara þessa leið.

### 4. Vattarfjörður.

1 a. Vattarnes

Móar þar sem vegarlagning hefði lítil varanleg áhrif.

1 b. Fjörusvæði frá Vattarnesi í Vattarfjarðarbotn.

Fjölbreytt fjörusvæði sem vegarlagning hefði skaðað verulega, en það hefur verið ákveðið að endurbyggja veginn ofan fjöru.

**Fuglategundir sem sáust við athuganir**

Við athuganir sáust 20 fuglategundir. Flestar tegundirnar eru algengar tegundir varpfugla á svæðinu, en einnig voru íslenskir fuglar sem voru á leið um svæðið og erlendir fargestir.

**Skrá yfir fuglategundir og latnesk heiti.**

Skýringar á táknum. x = tegundir sem sáust við þessar athuganir. 0: ekki vitað um varp, 1: staðfest varp, 2: líklegt varp, 3: hugsanlegt varp, A: gamalt/ óreglulegt varp, C: A +3, \*: tegund gæti orpið. Staða þekkingar er góð.

Nafn	Latneskt heiti	Sv. 1 Kollafj.			Sv. 2 Kl.h.	Sv. 3 Sk.fj.		Vattarfj.		R. 3242	R. 3243	
		a	b	c	a	a	b	a	b			
Dílaskarfur								x		0		
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>				x		x			1		
Grágæs	<i>Anser anser</i>	x					x		x	1	1	
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>									0		
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>								x			
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>	x	x				x		x	1	1	
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	x	x									
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>				x						1	
Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>								x	1	A	
Rjúpa	<i>Lagopus rufus</i>				x		x			2	C	
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	x	x				x		x	1	1	
Sandlóa	<i>Charadrius dubius</i>	x	x							2	2	
Heiðlóa	<i>Pluvialis dominica</i>	x		x	x		x		x	x	2	
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	x					x					
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	x	x		x		x		x	2		
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>				x				x	C	1	
Spói	<i>Numenius numenius</i>		x	x							2	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	x	x	x	x		x		x	x	1	1
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	x					x				1	
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	x					x		x			
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	x										
Rita	<i>Rissa tridactyla</i>						x					
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	x					x		x	1		
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	x	x	x	x		x		x	2	1	
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>											
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>			x	x					A	1	
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	x	x				x		x	1	1	
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>				x					3	1	
Samtals		15	9	6	10	3	12	7	10			

## Athuganir á einstökum svæðum

### Svæði 1: Kollafjörður

#### Svæði 1 a. Múlaársandar.

Við Múla liggur vegurinn núna ofarlega á Múlaársöndum. Við Múlaá eru áreyrar og þar fyrir framan grófar sand- og malarfjörur með blettóttri þangþekju 20 – 50 %.

Til hliðanna eru leirublettir með fíngerðri leðju, sérstaklega í vík fyrir utan Múlaá en líka í svipaðri vík fyrir innan Múlaá.

Helstu varpfuglar á svæðinu eru tjaldur og sandlóa, sem eru dreift um svæðið og kría. Kríuvarpið er á hörðum grasbölum og melum ofan við eyraroddann. Veglínan mun færast nær kríuvarpinu, en aðalvarpið verður þó áfram tiltölulega langt frá veginum.

Áreyrarnar er bað og hvíldarstaður máfa, þar sátu hvítmáfar og svartbakar, bæði ungir og gamlir.

Á haustin eru leirurnar og fjörur í kring nýttar af farfuglum til viðbótar við varpfugla á svæðinu og Múlaársandar, bæði þangfjörur og leirur eru því mikilvægt fæðusvæði. Leirurnar eru fyrir utan væntanlega veglínu.

Þegar leiran fór að koma upp úr, komu fuglarnir aðvífandi flestir að utan og færðu sig svo út á leiruna eftir því sem hún kom upp úr. Svo virðist sem fuglarnir séu í þangfjörum utar í firðinum, sem koma fyrst upp úr á fjöru, en færi sig svo í leiruna þegar hún þornar.

Það vekur athygli hvað heiðlóa og tjaldur eru áberandi, þarna var líka talsvert af sendlingi. Mest eru þetta sennilega fuglar af nærliggjandi svæðum, en þarna sást líka nokkrar tildir, sem eru umferðarfuglar .

Veglínan breytist mjög lítið og skaðar ekki leirurnar. Áhrif á fuglalíf verða því óveruleg.

Fuglar sem sást í júní.

Nafn	Varpfugl	Í heimsókn	
Straumönd		4	
Tjaldur	16		
Sandlóa	9		
Heiðlóa	3		
Sendlingur		16	
Stelkur	4		
Hvítmáfur		12	
Svartbakur		16	
Kría	65		Hreiður 20+
Þúfutittlingur	4		
Skógarpröstur	1		

Fuglar sem sáu í ágúst.

Nafn	Í heimsókn	
Grágæs	12	Gæsaþópur, 35 stk flaug inn fjörðinn
Æðarfugl	390	Nokkuð utarlega
Tjaldur	30	
Sandlóa	4	
Heiðlóa	45	10 fugla hópur flaug hjá utarlega
Tildra	15	
Sendlingur	46	
Stelkur	10	
Hvítmáfur	2	
Svartbakur	2	
Sílamáfur	2	

Fuglar sem sáu í september.

Nafn	Í heimsókn	
Æðarfugl	140	Við ströndina
Tjaldur	16	
Heiðlóa	60	
Sendlingur	78	
Stelkur	17	
Hvítmáfur	3	

#### Svæði 1 b. Kollafjörður austanverður.

Fyrirhuguð veglína liggur á núverandi vegi, í hlíðinni inn Kollafjörð. Endurbygging þeirrar veglínu mun hafa jarðrask í för með sér, en varanleg áhrif á fuglalíf verða mjög lítil. Hvað varðar áhrif á gróðurfar er vísað til skýrslu um gróðurfar. (Arnín Óladóttir 2000). Fyrir innan Múla mun vegurinn liggja að mestu á núverandi veglínu, en ræma við sjóinn minnar væntanlega við að laga veginn. Þar sem er grjótvörn mun hún færast fram. Innst á svæðinu verður leiti sprengt og vegur færður fram í fjörunni.

Fuglar sem sáu í júní.

Nafn	Varpfugl	Í heimsókn	
Æðarfugl	?	14	
Straumönd		4	Á flugi
Tjaldur	12		
Hrossagaukur	4+		
Spói	1		
Stelkur	15		
Hvítmáfur		2	Á flugi
Svartbakur		1	Á flugi
Kría		4	Á flugi
Þúfutittlingur	6++		



Í ágúst og september sáust fáir fuglar, einungis nokkrir stelkar og tjaldar (ekki taldir nákvæmlega).


Annar möguleiki er veglína með sjónum (leið 4). Vegurinn yrði færður niður að sjónum dálítið fyrir innan Múla og mundi verða með sjónum inn í fjarðarbotn. Þar yrði farið í gegnum klettaása og yfir víkur. Heildarflatarmál þangfjörunnar, lífmesta hluta fjörunnar, breytist sennilega ekki mikið því víkurbotnarnir þar sem farið yrði með veginn eru með lítilli þangþekju.

Fjörugerðin er algeng í nágrenninu og víðar á Vestförðum (t.d. Erlingur Hauksson 1977), en tegundasamsetningin er þó breytileg og því frábrugðnari sem fjarlægði milli svæðanna eykst. Því miður er flokkun fjörugerða skammt á veg komin og því erfitt með nákvæman samanburð.

Heildaryfirbragð strandarinnar breytist. Aðalskaðinn yrði að fjölbreytni landslagsins skaðast við að vegurinn fer yfir víkur, en þá breytingu verður að skoða í samhengi við rask vegna uppbyggingar vegarins á núverandi stað.

Lýsing fjörunnar.

Fjaran er klappar- og gróf malar- og hnullungafjara með nokkrum klettarönum sem skaga fram í fjöruna. Bólupang er ríkjandi en neðan til í fjörunni er líka skúfapang og á klettarönunum er klóþang (svæði 4, mynd 1).



Mynd 1. Innsti hluti Kollafjarðar, fyrir innan Múla. Helstu samfélagsgerðir: 1. Líflitlar áreyrar. 2. Sandmaðksleirur. 3. Sandmaðksleirur með kræklingadreif. 4. Þangfjörur 5. Pollur (Agnar Ingólfsson 1976).

Á ysta hluta leirunnar (svæði 4) er mesta steinadreifin og verður heildarþangþekjan þar um 40%, þar er bóluþang og skúfaþang ríkjandi eins og í fjörunum þar fyrir utan.

Innsti hluti fjarðarins verður að mestu þurr á stórstraumsfjöru, en þó verður eftir allstór grunnur pollur á miðri leirunni. Víðáttumesta samfélagsgerðin er sandmaðksleira með kræklingadreif (svæði 3). Frekar mikið er af sandmaðki, en þekja kræklings er yfirleitt innan við 1%. Undirlagið er víðast sandur, lítt leðjuborinn, með steinadreif og eru steinarnir vaxnir bólu- og skúfaþangi og á mörgum steinum er hrúðurkarl. Heildarþangþekja þessa svæðis er innan við 20%. Pípuormar eru ekki áberandi á þessum leirum.

Innan við þessar leirur taka við hreinar sandmaðksleirur (svæði 2) (lítill sem enginn kræklingur), og er undirlagið þéttur sandur.

Innst eru svo áreyrar þar sem aðeins varð vart marflóa (svæði 1) (Agnar Ingólfsson 1976).

Í innsta hluta Kollafjarðar (fyrir innan Múla) virðist vera minna af fuglum en utan við Múla og fyrir innan haftið yst á leirunum sáust engir fuglar nema nokkrir stelkar, sem sennilega verptu í nágrenninu (skráðir með Kollafjarðarbotni).

Fuglar sem sáust í júní.

Nafn	Varpfugl	Í heimsókn	
Æðarfugl		58	Á dreif um svæðið
Straumönd		4	Í fjörunni
Tjaldur	6	9	
Sandlóa	2		
Sendlingur		4	
Spói	3		
Stelkur	6		
Kría		3	Á flugi
Þúfutittlingur	3		
Skógarþröstur	1		

Fuglar sem sáust í ágúst eða september.

Nafn	Varpfugl	Í heimsókn	
Æðarfugl		95	Dreifðir hópar
Tjaldur		9	
Stelkur		Nokkrir	

### Svæði 1 c Kollafjarðarbotn.

Í Kollafjarðarbotni var fuglalíf skoðað með tilliti til tveggja leiða. Annars vegar lagfæringa á núverandi vegarstæði þar sem beygjur verða lagaðar og veginum því hliðrað mismunandi mikið. Hinsvegar var skoðaður möguleiki á að fara yfir Kollafjarðarbotn og inn á veginn aftur rétt innan við Klett.

Áhrif lagfæringa á núverandi veglínu á fuglalíf verða væntanlega lítil fyrir utan tímabundin áhrif framkvæmdanna.

Áhrif vegar yfir Kollafjarðarbotn verða meiri. Vegur verður lagður niður með Kletti og mun spilla landi þar. Áhrif verða þó væntanlega lítil á fuglalíf. Sennilega eru áhrif þessara tveggja leiða svipuð á varpstaði fugla og búsvæði ofan fjöru.

Til viðbótar spillir leið yfir Kollafjarðarbotn fjörusvæðum innst í Kollafirði. Að megninu til eru þetta líflitlar áreyrar og harðar sandleirur með miklum ferskvatnsáhrifum.

Leið yfir Kollafjarðarbotn hefur meiri áhrif á heildaryfirbragð svæðisins.

Fuglar sem sáust utan fjöru í júní.

Nafn	Varpf.	Í heimsókn	
Tjaldur	2		Voru í fjörunni
Heiðlóa	7	15	Hópur á túninu við Fjarðarhorn
Hrossagaukur	5		
Spói	1		Það heyrðist í honum
Stelkur	4		
Þúfutittlingur	7		
Steindepill	1		

### **Svæði 2. Klettsháls.**

Upp Klettsháls austanmegin upp að Krókavatni verður vegurinn áfram á núverandi veglínu.

Vegurinn liggur núna yfir austurtotu Krókavatns. Það eru ekki áætlaðar breytingar á legu vegarins þar, en við það að hækka veginn og breikka mun vatnið skaðast eitthvað frekar.

Tvö hávellupör voru á Krókavatni 1999. Annað parið hélt sig mest vestast í vatninu, en fór stundum austur eftir vatninu og reyndi að hrekja hitt parið burt. Þegar athuganir voru gerðar er næstum öruggt að varp var ekki hafið og það er ekki vitað hvort annað hvort parið verpti. Ef parið verpti hefur varp sennilega misfarist þar sem engir fuglar sáust á vatninu í ágúst. Vorið 2000 deildu líka tvö pör á vatninu en ekki er vitað til þess að ungar hafi komist upp. Það er vitað að hávella hefur komið þarna upp ungum t.d. sást þar með unga haustið 1993 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson munnl. uppl. jan. 2000).

Um haustið voru ekki gerðar neinar skipulegar fuglaathuganir á Klettshálsi, en í ágúst sáust tvær álfir við Krókavatn og í september sást álfapar með einn unga (unginn hefur væntanlega verið þarna líka í ágúst). Það er ekki vitað hvar þessar álfir verptu.

Fyrirhuguð veglína liggur á núverandi vegi, en endurbygging vegarins mun skerða vatnið enn frekar. Vegagerðin er meðvituð um þetta vandamál og hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Það ber að íhuga vandlega sögu vegagerðar við vatnið. Hvort það hafi verið skert áður og hvort hægt sé að nálgast eldri vatnsstöðu. Margt bendir til þess að vatnsborð vatnsins hafi verið lækkað, sennilegast þegar vegurinn var lagður yfir það (ummerki við vatnið, gamlar loftmyndir og frásagnir (að hluta Kristján Kristjánsson munnl. uppl.)).

Með því að hækka núverandi yfirborð vatnsins mætti komast nær upprunalegri vatnsstöðu og vega upp á móti þeirri skerðingu, sem verður við endurbyggingu vegarins. Ef vatnsskipti verða einnig gerð greið milli nyrðri og syðri hluta vatnsins með víðu ræsi, er hægt að koma í veg fyrir að syðri hlutinn þorni upp.

Með þessum áðgerðum mætti stuðla að því að hávelluvarp tækist oftar. Áðgerðin byggist á því að hækka útfallið vestan megin til að ná æskilegu vatnsborði (það yrði að hækka það austamegin til samræmis, því það virðist líka hafa verið lækkað þar). Aðstæður eru þannig að vatnsborðshækkun fellur vel að umhverfinu og ummerki um hækkun vatnsborðs hyrfu fljótt (Hugmyndin var kynnt fyrir starfsmönnum Náttúruverndar ríkisins á vettvangi haustið 2000).

Á Klettshálsi er veglínan færð til. Lóur eru mest áberandi á svæðinu. Einnig sáust snjótittlingar og steindeplar. Í mýrardrögum voru sendlingar. Vegarlagning hefur væntanlega lítil varanleg áhrif efst á hálsinum, en það er mikilvægt að vatnsrennsli um mýrardrög haldist.

Fyrir ofan Kvíundisfjörð sáust tveir rjúpuhópar u.þ.b. 10 stk hvor í september og gæsahópur u.þ.b. 30 stk.

Fuglar sem sáust í júní.

Nafn	Varpf.	Í heimsókn	
Álft		1	Var á polli vestan til á hálsinum
Hávella	2	2	2 pör á Krókavatni.
Rjúpa	3		Ropaði
Heiðlóa	4		
Sendlingur	4		
Hrossagaukur	2		
Stelkur	1	3	Flugu burt af svæðinu
Þúfutittlingur	6		
Steindepill	1		
Snjótittlingur	4		

**Svæði 3. Skálmarfjörður.**

Í Skálmarfirði komu tvær leiðir til greina, þ.e. enduruppbygging núverandi vegar með nýrri veglínu í vestanverðum Klettshálsi (svæði 3a) og ný leið yfir fjörðinn á móts við Illugastaði (svæði 3b).

Svæði 3 a. Austurhlíð Skálmarfjarðar.

Austurhlíð Skálmarfjarðar upp á Klettsháls er að mestu þakin birkikjarri með einstaka reynihríslum. Kjarrið er þétt um miðja brekkuna en gisnar neðan til.

Skógarþröstur er einkennisfugl hlíðarinnar þar sem hún er þakin birkikjarri, auk þess eru þúfutittlingar algengir í kjarrinu sem og graslendi í kring.

Kjarrið var um tíma notað til að kenna líffræðinemum að meta þéttleika rjúpu og brutust þeir í gegnum kjarrið með nokkurra metra millibili og fældu rjúpu upp. Höfundur tók þátt í þessu vorið 1980 og sáust þá um 8 stk Þessar athuganir voru gerðar á hverju ári í nokkur ár, en þar sem ekki var mikið af rjúpu og svæðið sem talið var á lítið þá hentar það ekki vel til að fylgjast með stofnstærð (Arnór Garðarson prófesor, munnl. uppl.).

Aðaláhrif á fuglalíf verða tímabundin áhrif vegna framkvæmda við veginn. Þar sem þær tegundir sem eru á væntanlegu framkvæmdasvæði eru algengar í nágrenninu, munu þær færa sig inn á framkvæmdasvæðið aftur þegar það fer að gróa upp. Varanleg áhrif vegarlagningar verða því væntanlega litlar á fuglalíf

Fuglar sem sáust í júní.


Nafn	Varpf.	Í heimsókn
Rjúpa	2	vanmetinn fjöldi
Hrossagaukur	3	
Stelkur	1	
Þúfutittlingur	7+	vanmetinn fjöldi
Skógarþröstur	8+++	vanmetinn fjöldi

### Svæði 3 b. Fjörusvæði.

Lýsing á fjörusvæði í Skálmarfirði.

Skálmarfjörður er í þessu tilfelli austari skálmin í Skálmarfirði (vestari skálmin er Vattarfjörður).

Þessi fjörður (fjarðartota) er flatbotna og fremst er dreif af stórum steinum (jökulhaft) sem hindra streymi sjávar úr firðinum. Afleiðingar þess eru að fjörðurinn kemur seint undan sjó og þar sem hann er flatbotna koma nær öll svæði upp á svipuðum tíma (ef þau koma upp).



Mynd 2. Skálmarfjörður. Helstu samfélagsgerðir: 1. Líflitlar eyrar. 2. Sandmaðksleirur með kræklingadreif. 3. Kræklingafjörur. 4. Svæði sem kemur sjaldan eða aldrei upp úr og hluti er í raun árfarvegurinn. Jaðar svæðisins er svipaður nálægum svæðum en aðalállinn er líflítill mól. Sýnatökustöðvar A, B og C.

Fjörðuinn verður að mestu leyti þurr á stórstraumsfjöru, en þó verður eftir allstór grunnur pollur á leirunni miðri. Á ytri helmingi leirunnar er kræklingur algjörlega ríkjandi og er þekja hans á þessu svæði yfirleitt 30 – 50 %. Innan um kræklinginn er einnig allmikið af sandmaðki og á leirunni er allmikil dreif steina vaxnir þangi, aðalega bólupang og einnig er nokkuð af skúfapangi. Þangþekjan er víða 20 – 30 %. Undirlagið á þessu svæði er sandur eða mól, dálítið leðjublandin á blettum.

Innan við kræklingasvæðið er sandmaðkur ríkjandi með dálítilli kræklingadreif (innan við 5 %), en aðrar lífverur eru lítt áberandi. Þó vottar aðeins fyrir smáum pípuormum, svo og hrúðurkörslum á steinum. Undirlagið er sandur og mól, aðeins leðjuborin.

Innst eru svo áreyrar, þar sem aðeins sáust marflær. Með löndum í firðinum eru víða klappir, þar sem klóþang er ríkjandi.

Tegundir fjörulífvera á hinum mismunandi svæðum.

Tegundir fjörulífvera voru skoðaðar á þremur stöðvum. Einni á hverju af hinum þremur aðal svæðum. Á hverri stöð voru tekin þrjú sýni. (Sjá töflu í viðhengi 2).

Skálmarfjörður fjörusvæði.

Fuglar sem sáust í júní.

Nafn	Varpfugl	Í heimsókn
Álft		9
Hvítmáfur		5

Fuglar sem sáust í ágúst.

Nafn	Varpfugl	Í heimsókn	
Álft		15	Á sundi við haftið í Skálmarfirði
Æðarfugl		175	
Tjaldur		3	
Heiðlóa		12	
Sendlingur		129	
Stelkur		21	
Kría		18	Á flugi
Tófa		1	Hvít(sumarbúningur) við Illugastaði

Fuglar sem sáust í September.

Nafn	Í heimsókn	
Grágæs	11	(2 gæsaþópar flugu framhjá 15 og 20 stk)
Æðarfugl	167	Á móts við Illugastaði lónaði hópur
Tjaldur	7	
Heiðlóa	35	
Tildra	11	
Sendlingur	500	2 hópar
Stelkur	40	
Hvítmáfur	17	
Svartbakur	1	
Rita	20	Hópur var við veiðar innst í Skálmarfirði

#### **Svæði 4. Vattarfjörður .**

Frá Vattarnesi í Vattarfjarðarbotn.

Í tengslum við þessar athuganir voru gerðar athuganir í Vattarfirði. Ákvörðun um veglínu í Vattarfirði var tekin óháð þeirri leið sem hér er til umræðu.

Í Vattarfirði komu tvær veglínur til greina, þ.e. uppbygging vegar á núverandi vegstæði í fjallshlíðinni eða að færa veginn niður í fjöruna. Ákveðið var að endurbyggja veginn í fjallshlíðinni og skerða ekki fjörusvæðið.

Vegna þess að fuglalíf á fjörusvæðum í Vattarfirði og Skálmarfirði eru nátengd, er hér gefið yfirlit yfir athuganir í Vattarfirði.

Fjaran í Vattarfirði er mjög fjölbreytt. Fjaran einkennist af klettarönnum með skjólsælum víkum á milli. Á flóði virðast vera nokkrar eyjur með ströndinni, en á fjöru eru þær landfastar.

Á þessum stutta kafla má finna flest þau búsvæði sem eru í fjörum í nágrenninu. Það má því búast við að þarna sé tegundafjölbreytni mikil og sennilega finnast þarna flestar tegundir sem eru á þessu svæði.

Fuglar sem sáust í júní.

##### Svæði 4 a. Vattarnes.

Nafn	Varpfugl	Í heimsókn
Heiðlóa	1	
Hrossagaukur	6	
Stelkur	3	
Þúfutittlingur	6	
Skógarþröstur	3	

Svæði 4 b. Fjörusvæðið frá Vattarnesi í Vaðalnes

#### **Fjörur.**

Fjörusvæðið í austanverðum Vattarfirði er sérstaklega fjölbreytt. Ströndin er mjög vogskorin og sumstaðar skaga klettaranar lengra út. Nokkrar eyjar eru aðskildar ströndinni á flóði en tengdar landinu á fjörunni. (Þetta sést mjög vel á loftmynd af svæðinu t.d. 1:5000). Á þessu svæði eru dæmi um fjölmargar fjörugerðir, sem fléttast saman í óreglulegu munstri.

Með stuttu millibili má finna: sjávarfitjar, fjörutjarnir, ár(lækjar)ósa, sendnar leirur með kræklingi, sandmaðksleirur, hnulungafjörur með þangi, þangivaxna klettarana, hrúðurkarlaþekjur o.fl. (sjá Agnar Ingólfsson 1975 um fjörugerðir). Á þessu svæði má því búast við mörgum þeim tegundum fjörudýra sem eru í nágrenninu (sjá t.d. Agnar Ingólfsson. 1976; Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarsson 1989).



Fyrir ofan fjöruna eru klettir eða brekkur vaxnar grasi eða kjarri og þar ofan við tekur við kjarrlendi. Í eyjunum eru ýmist naktir klettir, graslendi eða kjarr. Svæðið í heild er því fjölbreytt blanda margra mismunandi búsvæða.

### Fuglar.

Fuglalíf á svæðinu er fjölbreytt, enda búsvæðin mörg. Á nánast sama stað er hægt að fylgjast með fuglum sem mest eru í kjarri og fuglum sem eru við sjóinn.

Í júní sáust 18 tegundir fugla á svæðinu, bæði tegundir sem verpa á sjálfu svæðinu og fuglar sem verpa í nágrenninu og voru þarna í fæðuleit.

Í september sáust 12 tegundir fugla sem voru í fæðuleit, sumir í hópum.

Það var reyndar búist við meira magni fugla á háfjöru í september en skýringin er sennilega sú að fuglarnir byrja fæðuleit í Vattarfirði þegar fer að fjara en færa sig síðan inn í Skálmarfjörð á leirurnar þar. Í Skálmarfirði sáust tildrur og það er mjög líklegt að þær komi við í Vattarfirði þó að þær sæjust ekki í þessari könnun.

Fuglar sem sáust í júní.

Nafn	Varpfugl	Í fæðul./hvíld	
Stökkönd	2		Bliki á sjónum og kolla í fjörunni
Æðarfugl	21		Við ströndina
Æðarkolla	2		Með unga
Tjaldur	4		
Stelkur	14		
Hvítmáfur	2		
Kría		1	Flaug framhjá

Landselur með kóp lág í fjörunni og annar var undan ströndinni. Í september sáust sex dílaskarfar á steini við Vattarnes.

### Svæði 4 c. Botn Vattarfjarðar.

Það eru ekki áætlaðar breytingar á veglínunni í botni Vattarfjarðar en erfitt er að greina á milli fæðusvæða fugla í fjarðarbotnum þar sem það fer oft eftir hvernig stendur á flóði hvar fuglarnir eru. Það voru því gerðar athuganir í fjarðarbotninum fyrir innan Vaðalnes.

Nafn	Varpfugl	Í fæðul./hvíld	
Grágæs		3	
Tjaldur	2		
Heiðlóa		1	
Sendlingur		27	
Stelkur		16	
Hvítmáfur		1	Á flugi
Svartbakur		1	Á flugi
Kría		2	Á flugi

## Niðurstöður

Vegurinn frá Múla í Kollafirði og í Vattarnes liggur um fjölbreytt svæði.

Við athuganir var svæðinu skipt í þrennt með tilliti til fuglalífs, þ.e. Kollafjörð, Klettsháls og Skálmarfjörð. Hverjum svæðishluta var síðan skipt í einsleit athugunarsvæði.


Hvert svæði var síðan gengið skipulega og tegundir skráðar. Reynt var að meta hvaða tegund verpti á svæðinu eða var þar í fæðuleit eða hvíld. Athuganir á fjörufluglum voru gerðar nálægt stórtraumsfjöru.

Leiðin liggur um fjölbreytt svæði og endurspeglast það í fuglalífi þó tegundir séu ekki ýkja margar. Fjölbreyttin byggist á því að hversu búsvæðin eru mörg.

Við athuganir sáuust 16 tegundir í Kollafirði, 10 á Klettshálsi og 15 í Skálmarfirði, sem er það sem búast mátti við út frá örum upplýsingum um fuglalíf svæðisins.

Fuglalíf í Kollafirði og Skálmarfirði er mjög áþekkt. Annars vegar er um að ræða fugla tengda mólendi og kjarri og hins vegar fugla er tengjast fjörum. Fjölbreyttin er fyrst og fremst tengd fjörum og leirum, það eru bæði varpfuglar á svæðinu sem nýta fjörunar og fuglar sem hafa þar vetursetu, undirbúa farflug og ein tegund umferðarfugla sást, en á svæðinu eru ekki mikilvægir viðkomustaðir umferðarfugla (mynd 3).

Á Klettshálsi er fuglalíf fjölbreytt vegna þess að þar eru mörg búsvæði. Klettsháls hentar þannig vel til að skoða fuglalíf á vestfirskum heiðum. Það má benda á það að varðveisla gamla vegarins eins og Vegagerðin stingur upp á auðveldar mjög fuglaskoðurum að komast frá skarkala þjóðvegarins og njóta fuglalífsins, sem gæti orðið vestfirskri ferðaþjónustu til framdráttar.



Mynd 3. Helstu viðkomustaðir farfugla á Vestfjörðum (Arnþór Garðarsson og fl. 1980).

Leið Vegagerðarinnar (Vg) verður að teljast mjög góð með tilliti til fuglalífs. Varanleg áhrif á fuglalíf eru sennilega hverfandi á öllum svæðum nema á þremur en þar verða áhrifin lítil. Á Klettshálsi verða hugsanlega einhverjar breytingar á þéttni sendlings en það fer eftir því hversu vel tekst að varðveita votlendisbletti. Af framlögðum leiðamöguleikum er leið Vg sennilega best á eftir engri breytingu. Í hlíðum Skálmarfjarðar skaðast birkikjarr. Þéttni varpfugla þar (þúfutittlingur, skógarþröstur og rjúpa) mun minna sem nemur því landssvæði sem fer undir veginn, en þetta eru allt algengar tegundir á nálægum svæðum.

Síðast ber að nefna Krókavatn, sem er sérkennilegt vatn á Klettshálsi. Þar hefur hávella komið upp ungum en það gerðist ekki árið 1999 þó að tvö pör væru á vatninu og ekki heldur árið 2000. Endurbygging vegarins mun skerða vatnið frekar, sem er miður. Eins og fram hefur komið er Vegagerðin meðvituð um þetta vandamál og hugsanlegar mótvægisáðgerðir. Það ber að íhuga vandlega sögu vegagerðar við vatnið, hvort það hafi verið skert áður og hvort hægt sé að nálgast eldri vatnsstöðu.

Umhverfisáhrif annarra leiða á þurrlendi eru í flestum tilfellum meiri en tillaga Vegagerðarinnar, þó að oft sé munurinn svo lítill að umhverfisáhrif myndu ekki skipta sköpum ef aðrar ástæður væru mikilvægar.

Tiltölulega góðar upplýsingar voru til um fjörur á þessu svæði (Agnar Ingólfsson 1976), en auka þurfti sýnatöku í Skálmarfirði. Leirur Skálmarfjarðar voru kannaðar sérstaklega og sýni tekin á þremur stöðvum: á kræklingaleirum á móts við Illugastaði, á sandmaðksleirum um um miðja leiruna og á sandleirum innst, þrjú sýni á hverri stöð.

Í tengslum við þessa rannsókn var austurströnd og botn Vattarfjarðar kannaður og það kom í ljós að fjörunytjar fugla í Vattarfirði tengjast nytjum fugla af leirum Skálmarfjarðar.

Út frá fjörum er framlögð leið (Vg) mjög góð þar sem vegurinn skerðir fjörur mjög lítið og þar sem skerðing verður er það meiri skerðing á þegar sködduðum stöðum nema í einni smávík í Skálmarfirði og þar er verið að taka tillit til nálægðar við hús.

Aðrar mögulegar leiðir hafa mismikil áhrif á fjöruna og lífríki hennar.

Með leið (4), um fjörur í austanverðum Kollafirði, skerðist fjölbreytt fjara. Fjörugerðin er tiltölulega algeng og virðist að mestu nýtt af varpfuglum á svæðinu. Varanleg skaðleg áhrif verða þó mun meiri af þessari leið en lagfæringu núverandi vegar, þó að við það verði umtalsvert jarðrask.

Leið (5) fer yfir harðar sandleirur innarlega í Kollafirði. Leirurnar eru svipaðar þeim innst í Skálmarfirði og virðast ekki mikið nýttar af fuglum, enda frekar líflitlar. Ef að vatnsskiptum er haldið óbreyttum verða heildarbreytingar á lífríkinu sennilega litlar, en straumar munu breytast og staðbundnar breytingar því samfara. Ef sjávaráhrif minnka mun lífríkið breytast mikið.

Þverun fjarðarbotns er þó umtalsverð umhverfisþjöll og því mun æskilegra að fara fyrir fjarðarbotnin nálægt núverandi vegi.

Áreyrar í Skálmarfirði yrðu þveraðar samkvæmt leið 8. Áhrif á fuglalíf yrðu sennilega ekki mikil, en straumendur sitja oft á eyrunum og nokkrir leirupollar hverfa

Þverun Skálmarfjarðar (leið 9) væri alvarleg aðgerð út frá umhverfis-sjónarmiðum. Leiran í botni Skálmarfjarðar er fyrir innan haft eða dreif af stórgrýti á mótis við Illugastaði. Leiran er flöt og vegna haftsins rennur hægt út af henni. Þetta þýðir að leiran kemur öll úr kafi á mjög stuttum tíma og aðfallið hefst fljótlega og flóðið kemur hratt inn leiruna. Leiran er aðgengileg í stuttan tíma og það mætti nota sem rök fyrir því að leiran sé ekki mikilvæg fyrir fugla, en það kom í ljós að þegar það er að flæða út eru fuglarnir í fjörum í Vattarfirði og sennilega utar í Skálmarfirði, en fjörur utar í Skálmarfirði voru ekki athugaðar.

Mjög lítil hindrun í vatnsstreymi út úr Skálmarfirði, fyrir innan haft, gæti haft mikil áhrif á hvað leiran væri lengi upp úr og þar með veruleg áhrif á ferðir farfugla um Skálmarfjörð, en einnig Vattarfjörð og ytri hluta Skálmarfjarðar.

Í heildina séð er framlögð leið Vegagerðarinnar (Vg) mjög góð, miðað við fuglalíf og fjörusvæði.

### **Þakkarorð**

Eftirfarandi starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða störfuðu við mismunandi hluta athugunarinnar: Heiða Rafnsdóttir, Arnlín Óladóttir, Petrína Sigurðardóttir, Eiríkur Gíslason og Heiðveig Pétursdóttir.

### **Heimildir**

Arnlín Óladóttir. 2000. Vestfjarðavegur frá Múla í Kollafirði að Vattarnesi. Náttúrustofa Vestfjarða.

Agnar Ingólfsson 1975. Lífríki fjörunnar. Í Votlendi. Rit landverndar nr. 4.

Agnar Ingólfsson 1976. Forkönnun á lífríki Gilsfjarðar, Þorskafjarðar, Djúpafjarðar, Gufufjarðar og Nærleggjandi fjarða. Fjölrit nr. 8. Líffræðistofnun Háskólans.

Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarsson 1989. Forkönnun á lífríki Gilsfjarðar. Fjölrit nr. 26. Líffræðistofnun Háskólans.

Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir í Önundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Fjölrit nr. 12. Líffræðistofnun Háskólans.

Erlingur Hauksson 1977. Útbreiðsla og kjörsvæði fjörudýra í Breiðafirði. Náttúrufræðingurinn. 47: 88-98.

**Viðhengi 1.****Þekktir varpfuglar á svæðinu frá Múla í Kollafirði í Vattarfjörð.**

Upplýsingar um varpfugla úr 10 x 10 km reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, bréfflegar upplýsingar). Reitur 3242 inniheldur Vattarfjörð og reitur 3342 Skálmarfjörð, Klettsháls og Kollafjörð. Náttúrustofa Vestfjarða skilar öllum athugunum á fuglum inn í þennann miðlæga gagnagrunn.

Skýringar á táknum: 0: ekki vitað um varp, 1: staðfest varp, 2: líklegt varp, 3: hugsanlegt varp, A: gamalt/ óreglulegt varp, C: A +3, \*: tegund gæti orpið. Staða þekkingar er góð

Tegund	3242	3342
Lómur		3
Himbrimi		
Flórigoði		
Fýll		
Dílaskarfur		
Toppskarfur		
Álft	1	
Grágæs	1	1
Rauðhöfðaönd		
Urtönd	3	A
Stökkönd	3	
Grafönd		
Skúfönd		
Duggönd		
Æður	1	1
Straumönd		
Hávella		1
Toppönd		
Gulönd	3	
Haförn	1	A
Smyrill		1
Fálki	1	2
Rjúpa	2	C
Keldusvín		
Tjaldur	1	1
Sandlóa	2	2
Heiðlóa		2
Sendlingur	2	
Lóupræll		
Hrossagaukur	C	1

Jaðrakan			
Spói			2
Stelkur		1	1
Óðinshani			
Kjóí			
Hettumáfur			
Sílamáfur			
Hvítmáfur			1
Svartbakur			
Rita			
Kría		1	
Langvía			
Stuttnefja			
Álka			
Teista			
Lundi			
Húsdúfa			
Brandugla			
Þúfutittlingur		2	1
Maríuerla			1
Músarrindill		2	3
Steindepill		A	1
Skógarþröstur		1	1
Hrafn		1	1
Stari			
Auðnutittlingur		3	3
Snjótitlingur		3	1

## Viðhengi 2

## Fjörustöðvar í Skálmarfirði

Latína	Nafn	Stöð A	Stöð B	Stöð C
Undirlag		Harður sandur, leðjuborinn	Finn sandur, með leðju	Þéttur sandur, smá-steinar, nær engin leðja
Þekja %				
<i>Dictyosiphon foeniculaceus</i>	Grænbrúnt slý)	6		
<i>Ascophyllum nodosum</i>	Klóþang	5		
<i>Fucus vesiculosus</i>	Bólupang	10		
<i>Fucus distichus</i>	Skúfþang	3	4	1
<i>Arenicola marina</i>	Sandmaðkur	3	32	
<i>Mytilus edulis</i>	Kræklingur	10	1	1
<i>Balanus balanoides</i>	Hrúðurkarl	5		1
Fjöldi 0.04 m <sup>2</sup>				
Nematoda	Þráðormur	14		
Turbelaria	Flatormur	20		
Nemertini	Ranaormur	16		
<i>Littorina saxatilis</i>	Klettadoppa	21	9	3
<i>Littorina obtusata</i>	Þangdoppa	2		
<i>Onoba aculeus</i>	Baugasnotra	80		
<i>Thais lapillus</i>	Nákuðungur	1		
<i>Skeneopsis planorbis</i>	Mærudoppa	78		
<i>Mytilus edulis</i>	Kræklingur	506	6	14
<i>Mya truncata</i>	Smyrslingur		7	
<i>Cyamium minutum</i>	Mæruskel	12		
Oligochaeta	Ánar	306	567	105
<i>Spio sp.</i>	Burstaormar	1		
<i>Scoloplos arminger</i>	Roðamaðkur	1	57	1
<i>Flabelligeridae</i>		6		
<i>Arenicola marina</i>	Sandmaðkur		4	
<i>Balanus</i>	Hrúðurkarl	16		
<i>Jaera spp</i>	Fjörulýs	1		1
<i>Amphipoda</i>	Marfló		1	
<i>Pseudalibrotos littoralis</i>	Ósafló		1	4
<i>Gammarus sp.</i>	Fjörufær	14	16	6
<i>Gammarus oceanicus</i>			1	2
<i>Anonyx nugas</i>	Ljósamarfló		1	7
<i>Chironomidae</i>	Fjörurykmý	60		
Acarina	Fjörumaur	2		

### **Viðhengi 3**

#### **Yfirlitskort**